



Nr.: LMS-303	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 1.0		
Dags: 08.03.201827.06.201827 .06.2018		
Höf: Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir		
Ábm: Guðrún Randalín Lárusdóttir		
Síða 1 af 4	<h2>3. Leiðbeiningar - Verkefni um hönnun eða umbætur áfanga, námsbrauta og námskeiða í skjalakerfi</h2>	


Þetta er leiðbeiningaskjal um hvernig stofna skal mál í „hönnun og umbætur áfanga“
Til að búa til mál í One kerfinu er alltaf byrjað á því að velja viðskiptavin. Í flestum tilvikum er viðskiptavinurinn „Tækniskólinn“ og það er tilfellið í þessu dæmi.




Til að stofna nýtt mál skal velja „nýtt mál – flokkar“.
Þá opnast nýr gluggi (ef enginn gluggi opnast, þá gætir þú verið með pop-up blocker).




Í glugganum velur þú málalykilinn „04 Skipulag náms“,
því næst „04.4 Námsstjórn“.
Að lokum velur þú „04.41 Þróun náms“.
Þá er búið að staðsetja málið í skjalakerfinu. Nú þarf að velja fyrirfram útbúið málasmíðmát, og þar velur þú „Hönnun og umbætur áfanga“. Þá opnast nýr gluggi.



Nr.: LMS-303	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 1.0		
Dags: 08.03.201827.06.201827 .06.2018		
Höf: Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir		
Ábm: Guðrún Randalín Lárusdóttir		
Síða 3 af 4	<h2>3. Leiðbeiningar - Verkefni um hönnun eða umbætur áfanga, námsbrauta og námskeiða í skjalakerfi</h2>	

Það á ekki að þurfa að breyta fleiru, þar sem margt af þessu er fyrirfram skráð, t.d. flokkun og öryggi. Að lokum velur þú „Almennt“ og „Vista og loka“ og þá er málið orðið til í kerfinu. Nú þarftu að finna málið þitt og fínstilla nokkur atriði. Ef þú ert „ábyrgðaraðili“, „úrvinnsluaðili“ eða „tengdur aðili“ þá finnur þú málið undir „Mitt One“, annars finnur þú það í „Málaskrá“.

Ef þú velur píluna fyrir framan málið þitt, þá sérðu að það er Word skjal undir. Þetta skjal fylgir alltaf sjálfkrafa með þessari gerð mála. Þetta er vinnuskjal málsins og þarf að fylla inn í jafnóðum. Það er gert með því að velja skjalið (ekki tvíklukka) og velja svo „Opna skjal“ í efri valmyndinni.



The screenshot shows the user interface of the Tækniskólinn system. At the top, there are navigation buttons: "Almennt", "Hjálp", "Skjal", "Aðgerðir", and "Annað". Below these are various document management icons: "Skoða skjal", "Opna skjal", "Eigindi skjals", "Opna yfirsjál", "Breyta skjali í PDF", "Áframsenda skjal sem pdf", "Áframsenda skjal", "Senda tengil", "Færa skjal", "Tengja skjal", "Senda skjal á gátt", and "Taka skjal úr gátt".

Below the icons, the user's name "Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir" is displayed. A table shows a list of cases:

Málaskrá	Málsnúmer	Heiti	Málsaðili	Kennitala	Móttekið
Virk mál					
Öll mál					
Virk mál / ÁBM	1806017	Test-ST/ER2BR: umbætur (1)	A -Tækniskólinn ehf	5312023410	19.06.2018
Dagatal/tímamörk	1806017	Hönnun og umbætur áfanga	A -Tækniskólinn ehf		19.06.2018
Eftir stöðu					

Ef þú velur málið sérðu einnig í neðra horninu hægra megin verkin sem fylgja málinu. Það þarf að tvísmella á hvert verk fyrir sig og setja starfsmann á verkið. Það stendur í lýsingu hvers verks hver á að vera ábyrgðaraðili, t.d. „námsstjóri“, þá þarft þú að velja þann starfsmann sem við á í verkið. Starfsmaður lýkur þá sínu verki með því að haka í rauða skjöldinn, sem verður þá grænn.


Hönnun og umbætur áfanga

- 01.01 Hönnun námsbrauta, áfanga eða námskeiða samþykkt
- 01.02 Uppfært í námskrárgrunni
- 01.03 Samþykki Menntamálastofnunar
- 01.04 Áföngum raðað á annir
- 01.05 Uppfært í Innu
- 01.06 Vefur uppfærður
- 01.07 Verklök samþykkt


Nýjustu skjölin

Hönnun og umbætur áfanga | 06.03.2018

Dragðu skjal á þetta svæði til að vista það í málið

Nr.: LMS-303	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 1.0		
Dags: 08.03.2018 27.06.2018 27.06.2018	<h2>3. Leiðbeiningar - Verkefni um hönnun eða umbætur áfanga, námsbrauta og námskeiða í skjalakerfi</h2>	
Höf: Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir		
Ábm: Guðrún Randalín Lárusdóttir		
Síða 4 af 4		


Til að vista önnur gögn undir málið þarf bara að velja málið og þá birtast alls kyns valmöguleikar í efri valmynd. Það er hægt að flytja inn skjöl, skrifa tölvupósta beint úr málinu og skrá minnisblöð og samskipti.



Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir

Málaskrá	Málsnúmer	Heiti	Málsaðili	Kennitala	Móttekið
Virkt mál					
Öll mál					
Virkt mál / ÁBM	1803004	Test-STÆR2BR: umbætur (1)	A -Tækniskólinn ehf	5312023410	06.03.2018

Til að vista aðsenda tölvupósta, þarf að fara í gegnum Outlook. Það er OneCrm flipi hægra megin í póstforritinu. Þar sérðu málin þín og úrvinnslumál. Þú finnur rétta málið og síðan dregur þú tölvupóstinn yfir í málið. Það er líka hægt að draga bara viðhengi úr póstinum. Hérna sést hvernig búið er að draga annars vegar tölvupóstinn yfir og hins vegar viðhengið inn í málið.



Reply Reply All Forward
fim. 14.6.2018 09:37
Prenttæki Tækniskólans
MyQ: Prentumsjónarkerfi, skönnuð skjöl

To: Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir

Attachment: srgu_2018-06-14_09-29-04.pdf (273 KB)

Skönnuð skjöl eru í viðhengi

OneCRM - Drag'n Drop

- Virkt mál
- 1806017 - Test-STÆR2BR: umbætur
 - 01.01 Hönnun námsbrauta, áfanga
 - 01.02 Uppfært í námskrárgrunni
 - 01.03 Samþykki Menntamálastofnu
 - 01.04 Áföngum raðað á annir
 - 01.05 Uppfært í Innu
 - 01.06 Vefur uppfærður
 - 01.07 Verklök samþykkt
 - srgu_2018-06-14_09-29-04.pdf
 - MyQ: Prentumsjónarkerfi, skönnuð